

Foreldrafélag Sjálandsskóla

Fundargerð september, 2009

Fundur var settur kl: 17:00 í fundarherbergi Sjálandsskóla. Mættar voru Guðrún Kristjánsdóttir, Aníta Sigurbergisdóttir, Berglind Víðisdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir.

Dagskrá fundarins var svohljóðandi:

- Kosning í embætti
- Skólakynningar í október
- Fundur bekkjarfulltrúa
- Félagsgjöld í foreldrafélag
- Laufabrauð
- Niðurskurður
- Önnur mál

Kosning í embætti

Elín og Guðmundur eru hætt störfum fyrir stjórnina. Aníta var kosin nýr ritari og Bryndís bauð sig fram til gjaldkera. Einar Páll og Berglind sitja í skólaráði.

Skólakynningar

Skólakynningar verða í október og sér foreldrafélagið um að kynna starf bekkjarfulltrúa á þeim kynningum ásamt því að sækjast eftir framboðum. Meðlimir skipta bekkjardeildum á milli sín og notast við kynningu Guðrúnar frá í fyrra. Í framhaldinu þarf að setja upp fund fyrir bekkjarfulltrúa og setja vinarhópvinnu í hendur þeirra.

Laufabrauð

Áætluð laufabrauð laugardaginn, 5. desember.

Félagsgjald foreldrafélags

Gjald er valfrjálst og var engin beiðni send í fyrri til foreldra. Vegna yfirvofandi niðurskurðar óskum við nú eftir framlögum.

Niðurskurður

Fá áætlun frá Helga og Ólöfu varðandi yfirvofandi niðurskurð og athuga í framhaldinu hvort við þurfum að bregðast við.

Önnur mál

Hárþvottur bannaður í sundlaug – Aníta athugar betur

Athuga með fræðslu eða fyrirlestur eftir áramót t.d. SAFT

Páskabingó áætlað 22-26. mars – Biðja Einar Pál um að finna dag

Innilega – Þurfum að laga skipulag í morgunmat

Skólamatur – vantar salat og ávexti – Aníta athugar

Ítreka við foreldra að þeir eru velkomnir í morgunsöng

Ítreka einnig bílastæðamálin við foreldra

Tónlistarnám í skóla – af hverju bara 1.-2. bekkur?

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið um 18:00

Fundarritari: Aníta Sigurbergsdóttir